

Skipulagsstofnun
B.t. Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Hella 22. mars 2019
UST201902-306/J.S.J.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Efnistaka - Súlur og Stapafell á Reykjanesi

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar, dags. 22. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar skv. 10. gr. laga nr. 106/2000 og 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing

Samkvæmt frummatsskýrslu ráðgerir framkvæmdaaðili efnisvinnslu í Súlum og Stapafelli á Reykjanesi. Úr Stapafelli er ráðgert að taka 14 milljón m³ af bögglabergi og og úr Súlum er áætlað að taka 14 milljón m³ af sandi. Efnisvinnsla úr Stapafelli hefur staðið yfir á svæðinu frá því um 1950.

Umhverfisstofnun tiltók í umsögn sinni 30. apríl sl. þar sem óskað var umsagnar stofnunarinnar um tillögu að matsáætlun fyrir fyrrgreinda efnistöku í Stapafelli og Súlum, að gera ætti grein fyrir hvaða valkostir séu fyrir hendi varðandi önnur efnistökusvæði þannig unnt verði að meta kosti frekari efnistöku samanborið við efnistöku á öðrum stað eða stöðum. Í frummatsskýrslu framkvæmdaraðila er ekki telft fram öðrum valkosti en nállkost. Að sögn framkvæmdaaðila myndi stöðvun efnistöku úr fyrrgreindum svæðum fela í sér efnistöku úr öðrum námum, líklega opnun á nýjum námum.

Umhverfisáhrif

Jarðmyndanir

Hluti þess svæðis sem um ræðir er á náttúruminjaskrá nr. 106 Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg. Þar er stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávarþjörn. Vandséð er hvert verndargildi Stapafells og Súlna er eftir áratuga efnistöku og annað rask.

Efnistakan fer fram í móbergsmyndun sem er við jaðar svæðis á náttúruminjaskrá eins og fyrr segir. Slíkar myndanir eru algengar hérleidis en fágætar á heimsvísu og því ábyrgð falin í varðveislu slíkra jarðmynda. Búið er að raska stórum hluta þess svæðis sem

fyrirhugað er að nýta með efnistöku, akstri utan vega, slóða og vegagerð. Fyrirhugað vinnslusvæði er að litlu leiti inn á vernduðu svæði en inn á því svæði er ekki að finna jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þó mögulega hafi þær jarðminjar sem búið er að raska, notið sérstakrar verndar sbr. fyrrnefnda 61. gr.

Vatnsvernd


Fyrirhugað efnistökusvæði er skilgreint á fjarsvæði vatnstökusvæðis en í grennd við mörk grann- og fjarsvædis. Verklag í frummatsskýrslu miðast við að draga úr líkum á að olíuefni berist í jarðveg frá vinnuvélum. Umhverfisstofnun telur brýnt að í leyfum og við rekstur námunnar verði allri starfsemi hagað á þann hátt að lágmarka líkur á að olía og önnur mengunarefni berist í jarðveg.

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur að áhrif efnistöku í Stapafelli og Súlum séu að mestu fram komin. Jarðmyndanir eru það skertar eftir efnistöku að fjallið hefur lítið verndargildi sem slíkt. Umhverfisstofnun telur mikilvægt varðandi framtíð annarra gosminja í næsta nágrenni að sá tími sem gefst meðan efnistaka í Stapafelli og Súlum stendur yfir verði nýttur til að finna efnistökusvæði sem leyst geta núverandi svæði af hólmi án þess að skerða hluta Reykjaneshryggjar sem enn er óraskaður.

Umhverfisstofnun telur brýnt að stand vel að frágangi þeirra efnistökusvæða sem lokið er við að nýta. Stofnunin bendir á að leiðbeiningar um efnistöku, frágang og uppgräðslu er að finna á vefsíðunni www.namur.is, sem halddið er úti af Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Landsvirkjun o.fl. aðilum. Þær leiðbeiningar geta nýst við efnistöku, frágang og uppgräðslu þeirra náma sem notaðar verða.

Virðingarfyllst


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur